



UMSÖGN

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Efni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.).*

Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis liggur frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), mál nr. 690/2022.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á fyrri stigum sent inn umsagnir um frumvarpið, þ.e. umsögn dags. 28. apríl 2021 um mál nr. 700/2021 og umsögn um drög að frumvarpi í samráðsgátt dags. 28. mars 2022 um mál nr. 66/2022.

Frumvarpið er nú lagt fram enn á ný og vill fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar ítreka fyrri athugasemdir við frumvarpið eftir því sem við á.

1.

Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að kveða á um í samþykktum sínum að sjóðfélagi geti ráðstafað allt að 3,5% iðgjaldahluta af iðgjaldastofni til tilgreindrar séreignar, að undanskildum þeim sem njóta bakábyrgðar ríkissjóðs eða sveitarsjóða. Þetta er breyting m.v. fyrri tillögur þar sem kveðið var á um að lífeyrissjóðum yrði skylt að bjóða sjóðfélögum að ráðstafa iðgjaldi í tilgreinda séreign. Það virðist við fyrstu sýn jákvæð breyting.

Þrátt fyrir að frumvarpið geri nú ráð fyrir því að um heimildarákvæði sé að ræða, má gera ráð fyrir því að mikill þrýstingur verði á opinberu sjóðina, LSR og Brú lífeyrissjóð, að bjóða sjóðfélögum upp á tilgreinda séreign í sérstakri deild, sérstaklega í ljósi tillögu um að heimilt sé að ráðstafa tilgreindri séreign til fyrstu íbúðakaupa.

Í ljósi þessa er minnt á þær breytingar sem gerðar voru á árinu 2017 með lögum nr. 127/2016 og giltu bæði fyrir A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og A-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Þessi lög lokuðu í reynd A-deildum þessara sjóða sem voru með jafna ávinnslu lífeyrisréttinda og tóku upp í sömu A-deildum aldursbundin réttindi fyrir nýja sjóðfélaga. Við þessar breytingar var gengið út frá að öllu iðgjaldaframlaginu 15,5% yrði ráðstafað til samtryggingar og útreikningar á nauðsynlegum framlögum launagreiðenda í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð voru miðuð við það að standa undir jafnri réttindaávinnslu. Með fyrirbyggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga réttindi í eldra kerfi geti ráðstafað allt að 3,5% af iðgjaldaframlaginu til tilgreindrar séreignar sem verði hluti af lágmarkstryggingavernd. Hafa ber í huga í þessu samhengi að staða lífeyrisaukasjóðs A deildar sýnir nú þegar halla miðað við núverandi forsendur tryggingafræðilegrar athugunar. Það raskar augljóslega öllum forsendum fyrir þeim



ákvörðunum sem teknar voru á grundvelli fyrrgreindrar lagasetningar enda getur lægri samtryggingarprósenta ekki staðið undir jafnri réttindaávinnslu.

Ekki verður séð að ráðuneytið hafi fengið tryggingastærðfræðinga til að rýna áhrif frumvarpsins eins og lagt var til í umsögn Reykjavíkurborgar við frumvarpið það sem lagt var fyrir síðastliðið vor sama efnis. Þá verður ekki séð að gætt hafi verið eðlilegs samráðs við Samband Íslenskra sveitarfélaga, bandalög opinberra starfsmanna eða lífeyrissjóði þeirra um smíði lagafrumvarpsins. Þetta eru ekki ásættanleg vinnubrögð að mati Reykjavíkurborgar þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi.

2.

Vakin er einnig athygli á því að tillaga um tilgreinda séreign eykur á flækjustig lífeyrissjóðakerfisins og kostnað við rekstur þess. Einfaldara hefði verið að taka séreignarsparnaðarleiðina alla leið fremur en þá sérleið sem farin er með tilgreindri séreign. Hér skiptir þó einkum máli að leiðin sem tilgreind séreign skapar nýtist einkum hálaunahópum sem fá ágætan ellilífeyri á grunni 12% iðgjalds í samtryggingakerfinu en geta skapað sér viðbótarábata með tilgreindri séreign sem ekki þarf að deila með öðrum. Það dregur úr afli samtryggingarkerfisins á kostnað lægra launaðra sjóðfélaga sem veitir ekki af 15,5% iðgjaldi til að fá þökkalegan lífeyri.

3.

Þá er í frumvarpinu lagt til að heimiluð verði skattfrjáls ráðstöfun tilgreindrar séreignar til kaupa á fyrsta íbúðarhúsnæði, til viðbótar við gildandi úrræði um ráðstöfun séreignarsparnaðar. Einnig er lagt til að sjóðfélögum sem ekki hafa verið eigendur að íbúðarhúsnæði í fimm ár, frá því að umsókn um ráðstöfun kemur fram, verði heimilað að nýta sömu séreignar-sparnaðarúrræði og kaupendum fyrstu íbúðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Reykjavíkurborg vekur athygli á því sem fyrr að skattfrjáls ráðstöfun tilgreindrar séreignar til íbúðakaupa felur í sér tap í útsvarstekjum sveitarfélaga til framtíðar sem kemur til viðbótar við núgildandi heimildir til ráðstöfunar séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð. Þetta ákvæði frumvarpsins er ekki unnið í samráði við sveitarfélögin og engar áætlanir verið gerðar um áhrif tillögunnar á útsvarstekjur og fjárhag sveitarfélaga eins og skylt er skv. 129. gr. laga nr. 138/2011 né hvort og þá hvernig ríkið hyggst bæta sveitarfélögum þetta framtíðartekjutap. Þannig stríðir þessi tillaga jafnframt gegn lögum um opinber fjármál, þ.e. að ríkið láti sveitarfélögin fjármagna aðgerðir ríkisins með lækkun útsvarstekna. Reykjavíkurborg gerir kröfu um að sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af ákvörðun Alþingis um skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar og tilgreindrar séreignar. Þetta er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga eins og sérstakur húsnæðisstuðningur, sem tekur mið af fjárhags- og félagsstöðu leigjenda og nam hjá Reykjavíkurborg um 1.300 m.kr. á árinu 2021 og um 5.500 m.kr. á árunum 2017-2021.

4.

Nái frumvarpið fram að ganga er dregið úr vægi samtryggingar sem er ekki jákvætt fyrir sjóðfélaga í lífeyrissjóðum með mikla örorkubyrði. Það kann að vera freistandi fyrir sjóðfélaga að nýta tilgreinda séreign til að fjármagna húsnæðis kaup en með vali sínu eru þeir í raun að skerða mikilvæg réttindi sín og annarra sjóðfélaga í lífeyriskerfinu. Það ætti með öðrum orðum ekki að fjármagna húsnæðisstuðning með því að ganga á samtryggingarkerfi



Reykjavíkurborg

Ílfeyrissjóðanna. Með breytingu þeirri sem lögð er fram er ekki unnið að jöfnuði einstaklinga sem vinna á almennum og opinberum vinnumarkaði heldur frekar verið að skapa aðstöðumun milli þeirra tekjuhærri og þeirra tekjulægri.

Ítrekað er mikilvægi þess að fullkanna áhrif frumvarpsins og samstöðu náð við sveitarfélögin, Ílfeyrissjóðina og samtök launafólks um efni þess.

Haldóra Káradóttir

sviðssjóri íjarmála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar